

# Melapósturinn

2. tölublað, 2. árgangur

2012



Gleðilegt nýtt ár

Ritstjórn: Nemendaráð Melaskóla

# Bókagagnrýni

Nafn bókar: *Ertu Guð afi?*

Höfundur: Þorgrímur Þráinsson

Útgáfuár: 2010

Bókin sem ég ætla að fjalla um heitir "Ertu Guð afi." Bókin fjallar um Emmu Soffíu sem er 11 ára.

Pabbi hennar er sjómaður og er því sjaldan heima. Mamma hennar er

fýlugjörn og virkar fremur leiðinleg týpa.

Einn dag birtist afi hennar, sem hún hefur aldrei áður hitt

og eftir það

breytist öll hennar veröld. Afinn

hafði búið í Afríku og á hundinn

Tarzan. Afinn er skemmtilegur,

leyndardómsfullur og dálítið

sérkennilegur. t.d. tyggur hann

matinn alltaf 77 sinnum (enda er

hann 77 ára). Hann getur líka hætt

að anda og svifið út úr líkamanum

og svo er hann furðulega góður í

fótbolta (miðað við aldur). Eftir að

afinn flytur heim breytist margt í

lífi Emmu og veröld hennar verður

skemmtilegri. Hann er

eftirtektarverður og brátt eru allir í

hverfinu farnir að tala um hann.

Þessi bók hlaut Íslensku

barnabókaverðlaunin árið 2010.

Mitt álit: Mér finnst bókin mjög

skemtileg enda aldrei dauður

punktur. Afinn á nefnilega svo

mörg leyndarmál. Um leið og

lesandinn hefur komist að því

hvernig liggur í hlutunum þá

kemur eitthvað nýtt til að vera

forvitinn yfir.

Bókin er líka svolítið sorgleg en

getur kennt manni sitt hvað

sniðugt.

Ég mæli hiklaust með þessari bók


fyrir bæði stelpur og stráka.



Þóra Birna Ingvarsdóttir, 5.ÞH

# Myndagátur og brandarar

eftir Magnús Daða Eyjólfsson, 5.ÞÍ



## Er jólin koma

Ég finn að gleðin eltir mig,  
er jólin koma.

Á ógnar hraða finnur þig,  
er jólin koma.

Ein á ári eru þau,  
jólin koma.

En svo er víst að þetta gerist  
já jólin koma.

Arna Gunnarsdóttir, 5. ÞÍ

# Yfirheyrslan

*Ápena Vigdís Eggertsdóttir*

*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera um jólin?*

Fara í jólaboð, baka og skreyta.

*Hver er upp-áhalds maturinn þinn?*

Lambkjöt, grjónagrautur og pasta.

*Hvar finnst þér best að vera á jólnum?*

Heima með fjölskyldunni.

*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?*

Fara til útlanda og æfa.

*En leiðinlegast?*

Að taka til í herberginu mínu.

*Hvað æfirðu?*

Fótbolta, handbolta, ballett og kór.

*Hvert er uppáhalds fagið þitt?*

Samfélagsfræði.

*Margrét Snorradóttir, 6.EÍ*



## Svar Björns skólastjóra við opnu bréfi nemenda

Ég vil byrja á því að þakka Nemendaráði fyrir opna bréfið sem birtist í síðasta Melapósti.

Vandamálið sem í því er lýst er ekki „nýtt af nálinni.“ Það hefur verið til umræðu af og til síðustu áratugi. Þegar enskukennslan hefst í skólum kemur í ljós að stór hluti nemenda kann miklu meira í ensku heldur en byrjendaefnið gerir ráð fyrir. Á það einkum við um talað mál en síður hið ritaða.

Það er alveg rétt sem fram kemur í bréfi ykkar að niðurskurður hefur verið mjög mikill til skólanna síðustu árin og því ekki um það að ræða að ráða fleiri kennara við skólann né að fjölga tímum.

Þau úrræði sem þið nefnið í bréfi ykkar þ.e. að raða í hópa eftir getu eða að hafa námið einstaklingsmiðaðra eru bæði góð og þess virði að skoða þau betur. Það mun ég gera í samráði við kennara ykkar og vonandi finnum við lausn sem gerir enskunámið áhugavert og krefjandi fyrir helst alla nemendur.

Við skulum sjá hvort við getum ekki komið að einhverju leyti a.m.k. til móts við óskir ykkar.

Í lokin vil aftur þakka ykkur fyrir bréfið ykkar og óska öllum nemendum Melaskóla velfarnaðar í námi og leik.

*Kær kveðja,  
Björn, skólastjóri*

# Yfirheyrslan

Gabriel Hrannar Eyjólfsson, 7.KS

Hvað ertu gamall? 12 ára, fæddur 1999

Hvaða íþróttir æfirðu? Handbolta og fótbolta

Hvað gerirðu um jólin? Bara vera með fjölskyldunni.

Uppáhalds námsgreinin þín? Enska

Uppáhalds drykkur? Sprite

Númer hvað ertu í fótbolta? 12

Uppáhalds lag? Earthquake með

Labrinth og Tinie Tempah

Uppáhalds fatamerki? Levi's og DC

Með hvaða liðum heldur þú í

fótbolta? KR og Liverpool

Uppáhalds nammi? Karamella

Á hvaða leikskóla varstu? Myri

Með hvaða liði æfirðu? KR

Uppáhalds tölvuleikur? Fifa12

Einar Húnfjörð Kárason, 7.KS



Nemendaráð Melaskóla veturinn 2011-2012: Snædís Eðwald Einarsdóttir, Þóra Birna Ingvarsdóttir, Magnús Daði Eyjólfsson, Elísabet Kristjánsdóttir, Margrét Snorradóttir, Kría Freysdóttir, Guðný Gabríela Aradóttir, Elísa Rós Samúelsdóttir, Anna Schalk Sóleyjardóttir, Finnboogi Manfred Jensen, Einar Húnfjörð Kárason.

## Palli veiddi stóran fisk

Einu sinni var Palli á veiðum. Hann veiddi alltaf litla fiska. Þess vegna þurfti hann alltaf að sleppa þeim en eitt sinn fór hann að vatninu. Hann lét öngulinn síga ofan í vatnið og allt í einu byrjaði eitthvað að kippa fast í línuna. Hann þreytti fiskinn og gaf smá línu. En hann þreyttist ekki. Þá kippti hann eins fast og hann gat og fiskurinn skaust upp á land. Hann var alveg að detta út í aftur svo Palli greip í tálknin á fiskinum og dró hann í land. Þessi fiskur var 15 pund. Hann var svo þungur að Palli var lafmóður þegar hann kom heim með fiskinn en allir urðu hissa. Eftir þetta veiddi hann alltaf stóra fiska.

## Borðtennis meistarinn.

Einu sinni var maður sem hét Ari. Hann var að æfa sig í borðtennis. Þá kom til hans maður sem hét Orri og skoraði hann á hólm í borðtennis. Sá sem ynni keppnina fengi stóran gullbikar. Þeir byrjuðu á því að rugla og svo kepptu þeir. Þegar Orri var búinn að vinna tvær lotur og staðan var 10 – 5 fyrir hann greip Ari til örþrífaraða. Hann lúbbaði og smassaði og endaði keppnin með því að Ari vann og fékk stóran bikar sem hann fór með heim. Eftir þetta vann hann alla leiki.

Höfundur: Elvar Pierre Kjartansson, 5.M.B.

## Pizzur Mallaríno.

Halló, ég heiti Sögumaður og ég ætla að segja ykkur frá manni sem hét Mallaríno. Hann var ósköp venjulegur maður en nokkuð bústinn. Einn morguninn var hann að fara í vinnuna. Þá sá hann að það var búíð að ræna veitingastaðnum hans. Hann vissi ekki að það væri hægt að ræna heilu húsi. En samt fór hann að hágráta. Hann fór til lögreglunnar og sagði með kökk í hálsinum: Það er búíð að ræna veitingastaðnum mínum! Lögreglan sagði: Nú jæja, ég veit ekki hvernig það er hægt að ræna heilu húsi. En við skulum nú samt rannsaka þetta. Mallaríno gekk út af lögreglustöðinni og þá.... sá hann veitingastaðinn sinn á nákvæmlega sama stað og hann var venjulega á. Þetta var svona út af einhverju sem ég, lögreglan og Mallaríno vitum ekki og munum sennilega aldrei vita.

Höfundur: Hrafnhildur Einarsdóttir, 5.M.B.